Reikningur.

Ágrip af reikningi Thorkillii barnaskólasjóðs fyrir árið 1879.

Tekjur:

		Kr. A.
1. Eptirstöðvar við árslok 1878:		
a. Ríkisskuldabrjef	29190 kr. » a.	
b. Skuldabrjef einstakra manna	36451 — 37 -	
c. Ógoldnir vextir	138 — 2 -	
d. Í peningum	721 — » -	66500 39
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins		2575 79
3. Innborgun af lánum einstakra manna		5700 16
4. Ný skuldabrjef, er sjóðurinn hefir eignazt		5800 »
	Tekjur samtals	80576 34

Gjöld:

1. Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi		2500[1] »
2. Til jafnaðar móti 3. tekjulið		5700 16
3. Lánað út á árinu		5800 »
4. Eptirstöðvar við árslok 1879:		
a. Ríkisskuldabrjef	29190 kr. » a.	
b. Skuldabrjef einstakra manna	36551 — 21 -	
c. Ógoldnir vextir	20 — » -	
d. Í peningum	814 — 97 -	66576 18
	Gjöld samtals	80576 34

Reykjavík, 26. júní 1880.

Bergur Thorberg. *P. Pjetursson.*

HEIÐURSMERKI.

Hinn 25. dag maímánaðar þóknaðist hans hátign konunginum að sœma fyrverandi hafnsögumann Jón Bjarnason á Bildsey í Snæfellsnessýslu með heiðursmerki dannebrogsmanna.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 30. dag júnímánaðar þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa undirbókavörð við háskólabókasafnið í Edinburgh Jón A. Hjaltalín til frá 1. september þ. á. að telja að vera skólastjóra og fyrsta kennara við gagnfrœðaskólann á Möðruvöllum í Hörgárdal.

S. d. var cand. phil. Þorvaldur Thoroddsen allramildilegast skipaður annar kennari við sama skóla frá 1. október þ. á. að telja.

S. d. var settur sýslumaðar cand. juris Einar Thorlacius allramildilegast skipaður sýslumaður í Norðurmúlasýslu frá 1. ágúst þ. á. að telja.

S. d. var yfirrjettarmálaflutningsmaður A. L. E. Fischer allramildilegast skipaður sýslumaður í Skaptafellssýslu frá 1. ágúst þ. á. að telja.

Hinn 5. dag júlímánaðar skipaði landshöfðingi prestinn síra Pál Ólafsson til að vera prest Prestsbakka og Óspakseyrarsafnaða í Stranda prófastsdœmi.

---

1) Styrk þessum var þannig úthlutað:

1. Til Reykjavíkur kaupstaðar	520 kr.	6. — Álptaneshepps (Garða- og Bessastaðahr.)	440 —
2. — Seltjarnarneshrepps	160 —	7. Til Vatnsleysustrandarhrepps	420 —
3. — Mosfellshrepps	120 —	8. — Rosmhvalaneshrepps	320 —
4. — Kjalarneshrepps	160 —	9. — Hafnahrepps	80 —
5. — Kjósarhrepps	160 —	10. — Grindavíkurhrepps	120 —
		Til samans	2500 —